

Mál nr. 451/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Sérfræðiábyrgð.****Gögn.**

Málskot móttakið 8.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 16.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf lögmanns M dags. 25.01.2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á sumarhúsi í eigu M þann 7. febrúar 2021. Sumarhúsið var keypt notað og flutt á nýtt land í leigu M. Við hífingu hússins fóru í sundur frárennislagnir frá vöskum, sturtu og salerni. Flest niðurföll eru með vatnslásum inni í húsinu nema undir sturtunni, þar var vatnslásinn í svelt undir húsinu. Við hífinguna datt stykki undan sem hafði að geyma vatnslásinn. Pípulagningarmeistarinn X var ráðinn til þess að tengja húsið á við hitaveitu, neysluvatn og allt frárennsli. Þegar hann setti svelginn undir húsið kannaði X ekki hvort vatnslás væri til staðar. Affall af forhitara var tengt inn á frárennislagnir sem tengjast einnig við frárennsli frá sturtubotni og þar sem vatnslás vantaði átti hiti og gufa greiða leið upp um niðurfallið meðan bústaðurinn var mannlauus í 2 vikur eftir að vinnu X lauk með þeim afleiðingum að tjón varð á baðherberginu.

M telur að X pípulagningarmeistari beri skaðabótaábyrgð á tjóninu þar sem honum láðist að kanna hvort vatnslás væri í ákveðnu stykki/svelt sem hann skrúfaði undir bústaðinn þegar hann tengdi niðurfall úr sturtuklefa við frárennislögn hússins.

V hafnaði bótaskyldu og telur að tjónið verði ekki rakið til atvik sem X ber skaðabótaábyrgð á. X hafi þannig ekki haft ástæðu til að kanna áður en affallið var tengt í frárennslið hvort vatnslás væri í niðurfallinu þar sem almenn venja væri að vatnslás væri í niðurföllum. M beri sjálf ábyrgð á að hafa ekki upplýst X um ástandið á sturtubotninum og að frágangi á niðurfalli þar væri öðruvísi háttað en á öðrum niðurföllum eignarinnar.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort tjón á sumarhúsi M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi pípulagningarmeistarans X. Óumdeilt er að tjón varð á sumarbústað í eigu M og að tjónið megi rekja til þess að vatnslás vantaði í frárennsli frá sturtu sem X sá um að tengja. Gera verður ríkar kröfur til þeirra sem taka að sér sérhæfð verk eins og það sem pípulagningarmeistarann X var falið að vinna. Þar af leiðandi verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat þegar skilyrði skaðabótaábyrgðar eru metin. Verður að virða það pípulagningarmeistarann X til gáleysis að hafa ekki staðreynt hvort vatnslás væri til staðar áður en hann tengdi svokallaðan svelg undir húsið. Ekki verður það metið M til eigin sakar að hafa ekki sérstaklega upplýst X um að frágangur niðurfallsins væri öðruvísi en frágangur annarra niðurfalla enda hafi X sjálfur mátt gera sér grein fyrir því við einfalda skoðun. Verður þannig talið að tjónið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir